



Reykjavík 7. júlí 2025

2505001SU BG
Málalykill: 40.21

Efni: Yfirlýsing stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Þann 7. júlí sendi stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga frá sér eftirfarandi yfirlýsingu:

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga ítreka afstöðu sína og hvatningu til Alþingis um að tekið sé tillit til þeirra athugasemda og þeirra áhyggja sem samtökin hafa komið á fram færi við atvinnuvegaráðherra, forsætisráðherra, fjármálaráðherra, atvinnuveganefnd og þingmenn. Samtökin hvetja þessa aðila til þess að hafa hagsmuni almennings í þessum sveitarfélögum til hliðsjónar þegar unnið er að breytingum á löggjöfinni.

Það er allra hagur að gögn og greiningar til að undirbyggja mat á áhrifum frumvarpsins á afkomu fyrirtækja og sveitarfélög landsins séu aðgengileg og að vandað sé til allra verka. Ekki aðeins er um að ræða hækkun á stærstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins heldur er ljóst að hækkunin nær til hundruða annarra fyrirtækja í íslenskum sjávarútvegi, einyrkja sem lítilla fjölskyldufyrirtækja. Verulegar líkur eru á að hækkun veiðigjalds leiði til aukinnar samþjöppunar fyrirtækja í sjávarútvegi og að starfsemi fiskvinnsla leggist af í ákveðnum byggðarlögum. Nauðsynlegt að áhrifamat sé gert svo að hagaðilar eins og sveitarfélög landsins, sem mörg hver byggja afkomu sína að verulegu leyti á íslenskum sjávarútvegi, geti metið bein og óbein áhrif frumvarpsins, s.s. á útsvarstekjur, tekjur vegna umsvifa í starfsemi hafna, stoðgreinar og nýsköpun.

Stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga lýsir yfir ánægju sinni með að atvinnuveganefnd Alþingis hafi unnið að jákvæðum breytingum á frumvarpinu sem varða hækkun svokallaðs frítekjumarks en ljóst er að vinna þarf málið betur á grundvelli nýrra gagna, uppfæra greiningar og vinna viðtækara áhrifamat, m.a. fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög landsins í samræmi við sveitarstjórnarlög. Við blasir að nauðsynlegt er bæta úr þeim annmörkum sem í ljós hafa komið m.a. varðandi gjald á ákveðnar tegundir. Samtökin lýsa enn yfir vilja sínum til að hækkun veiðileyfagjalda verði innleidd í þrepum.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Bryndís Gunnlaugsdóttir

Starfsmaður Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga